

Betri heilsa bætir skólann



Priðja Evrópuráðstefnan um heilsueflandi skóla

**BETTER SCHOOLS THROUGH HEALTH:**  
the Third European Conference on Health  
Promoting Schools

15-17 June 2009, Vilnius, Lithuania

15.-17. júní 2009, Vilnías, Litháen

VILNIUS RESOLUTION

VILNÍUSÁLYKTUNIN

# **Vilníasályktunin: Betri Heilsa bætir skólan**

## **17. júní 2009**

### **Inngangur**

Menntun og heilsa eiga sér ýmis sameiginleg markmið. Með því að taka á þeim í sameiningu fá skólarnir tækifæri til að verða betri staðir til náms, kennslu og starfs. Heilsueflandi skóli framfylgir skipulagðri og kerfisbundinni áætlun um heilsu, velferð og proska samfélagsauðsins sem felst í nemendum, kennurum og öðrum starfsmönnum skólans. Í ljós hefur komið að heilsueflandi skólar hafa bætt heilsu og velferð alls skólasamfélagsins. Skólar eru hluti af samfélaginu í kring og eru meðal þeirra staða sem ætlað er að draga úr ójöfnuði í heilsufarsefnum. Mikilvægt er að samvinna sé góð við önnur svið þar sem skýr stefna þarf að vera til staðar, t.d. í æskulýðs-, félags- og umhverfismálum sem og málefnum um sjálfbæra þróun.

### **Yfirlýsing ungmenna**

Við, ungmennin á ráðstefnunni, höfum komist að raun um að getum ráðið fram úr sumum málum sjálf en þurfum hjálp fullorðinna við önnur.

Við leggjum áherslu á að sönn heilsa er heildræn heilsa en það þýðir andlegt og líkamlegt jafnvægi, hreint umhverfi, samstarf við aðra, góð hvíld og hollt mataræði. Við viljum að skólastjórnendur, kennarar og nemendur reyni að skapa heilbrigðara og betra samfélag þar sem hugað er að nútíð og framtíð. Við viljum að skólaumhverfið sé grænna. Við viljum samvinnu við nemendur frá öðrum löndum til að eiga oftár samræður við vísindamenn og stjórnáamenn um vandamál okkar. Við viljum meiri beina kennslu og hagnýt ráð um heilsueflingu og við viljum geta fengið ráð sérfræðinga þegar erfiðleikar steðja að.

Við teljum að ef við tökum á málum á heildrænan hátt getum við tekist á við heilbrigðismál okkar, þar á meðal átröskun og of lítinn svefn, og efla þannig okkar eigið samfélag, jafnvel þjóðfélagið allt.

Við álítum að ef við erum virk í lífinu, hjálpum fátækum, trúum á það sem erum að gera, vinnum með kennurum að því að gera kennsluaðstæður betri og hlýlegri, að þá getum við átt heilbrigðara og hamingjuríkara líf.

Við getum og verðum að lifa heilsusamlegu lífi sjálf, sýna hve dýrlegt það er að vera heilbrigður, virkur og jákvæður. Við verðum einnig að fá foreldra okkar til að vera virkir og taka þátt í heilsueflingaraðgerðum.

### **Alþjóðavettvangur og innanlandsvettvangur**

Í samræmi við niðurstöður umræðna á ráðstefnunni hvetjum við, þátttakendur í ráðstefnunni, stjórnvöld, stofnanir og önnur samtök á alþjóðavettvangi og innan hvers lands til:

1. að taka upp og útvíkka hugmyndir heilsueflandi skóla og samþætta þær skólastefnu sinni,
2. að tryggja að hugmyndir heilsueflandi skóla njóti langtíma stuðnings á alþjóðavettvangi sem og innan hvers lands ásamt því að nægu fé, tækjum og mannafla sé til þeirra varið,
3. að hafa jafnan í huga að nauðsynlegt er að skipuleggja vel, fylgjast með og meta árangur ásamt því að hafa börn og ungmenni með í ráðum þegar hrint er í framkvæmd víðtækum aðgerðum með raunhæfum markmiðum á sviði heilsueflandi skóla,
4. að stuðla að símenntun kennara, heilbrigðisstarfsfólk og annarra starfsmanna,
5. að koma á og viðhalda tengslum á alþjóðavettvangi og innanlands til að sinna samræmingu og skoðanaskiptum um heilsueflandi skóla og stuðningi við þá,
6. að halda upp á og leyfa öðrum að vita af merkisáföngum og góðum árangri.

## Skólastig

Við hvetjum alla innan skólasamfélagsins (nemendur, foreldra, kennara, aðra skólustarfsmenn, skólastjóra, skólastjórnir) til að nýta sér þann stuðning sem í boði er:

1. til að koma á, viðhalda og efla frekar hugmyndir heilsueflingarskóla þannig að þær verði þáttur í skólaþróun,
2. til að allt skólasamfélagið og stuðningssamtök þess taki þátt í verkefninu,
3. til að menn sinni þessu af nægri alvöru og veiti til þess nægu fé og mannafla,
4. til að stuðla að símenntun starfsfólksins,
5. til að tryggja að börn og ungmenni taki virkan þátt í ákvörðunum og öllum hliðum skipulagningar,
6. til að halda upp á og leyfa öðrum að vita af merkisáföngum og góðum árangri.

## Forsaga ráðstefnunnar

Á fyrstu Evrópuráðstefnunni um heilsueflingarskóla voru dregin upp meginatriðin um heilsueflingarskóla (Grikklandi, 1997). Öll börn og ungmenni eiga rétt á menntun, heilbrigði og öryggi. Og öll börn og ungmenni eiga rétt á að fá menntun í heilsueflingarskóla.

Á annarri Evrópuráðstefnunni um heilsueflingarskóla, sem fram fór í Egmond aan Zee í Hollandi (2002), var lögð mikil áhersla á nauðsyn þess að menntastofnanir og heilbrigðisstofnanir ynnu saman. Egmond-áætlunin auðveldar mönnum að koma á og útfæra frekar skólaheilsueflingu um alla Evrópu.

Þriðja Evrópuráðstefnan um heilsueflingarskóla: Betri heilsa bætir skólann, í Vilnús í Litháen 15.-17. júní 2009, beinist að því að næsta skref í heilsueflingu í Evrópu verði sameiginlegt átak á mörgum sviðum og í mörgum löndum í senn. Á ráðstefnunni kveður mikið að ungmennum því þau greina frá skoðunum sínum og vinna saman að því að gera skólana sína að betri náms- og vinnustað.

## Skólaheilsuefling í Evrópu

Samtök heilsueflandi skóla í Evrópu standa á traustum grunni fyrirrennara síns – Evrópusamtaka heilsueflandi skóla sem Evrópudeild Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, Evrópuráðið og Evrópusambandið stóðu að árið 1991 – því þar var samankomin víðtæk reynsla af því að skipuleggja og endurbæta heilsueflandi skóla. Á Evrópusvæðinu eru 43 þátttökulönd í samtökum heilsuskóla.

Samtök heilsuskóla í Evrópu skilgreina heilsu og vellíðan á jákvæðan hátt og byggja starf sitt á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og sáttmála Evrópuráðsins um framkvæmd barnaréttinda.

Afstaða Samtaka heilsuskóla í Evrópu til heilsueflingar í skólum er byggð á fimm grundvallargildum og meginstoðum.

# Grundvallargildi Samtaka heilsuskóla í Evrópu

## Sanngirni

Heilsueflandi skólar tryggja öllum jafnan aðgang að öllum menntatækifærum og heilbrigðisúrræðum. Þetta hefur til lengri tíma litið veruleg áhrif til að draga úr ójöfnuði í heilbrigðismálum og til að bæta og auka framboð á símenntun.

## Sjálfbæri

Heilsueflandi skólar hafa í huga að heilbrigði, menntun og þroski eru nátengd atriði. Skólar eru miðstöðvar bóklegar menntunar. Þeir styðja við og efla ábyrga og jákvæða sýn á framtíðarhlutverk nemendanna í þjóðfélaginu.

Heilsueflandi skólar dafna best þegar verkefnum og endurbótum er hrint í framkvæmd á kerfisbundinn hátt á töluvert löngum tíma, 5-7 árum hið minnsta. Árangurinn (bæði í heilbrigði og menntun) kemur yfirleitt ekki fram fyrir en á alllöngum tíma.

## Samheldni

Heilsueflandi skólar fagna fjölbreytni og tryggja að skólar séu námssetur þar sem allir hlutaðeigandi finna að þeim er treyst og að virðing er borin fyrir þeim. Mikilvægt er að samskipti milli nemenda innbyrðis, milli nemenda og skólustarfsmanna og milli skóla, foreldra og skólasamfélags séu góð.

## Þátttaka í og geta til aðgerða

Heilsueflandi skólar gera börnum og ungmönnum, skólustarfsmönnum og öllum þátttakendum í skólasamfélaginu kleift að taka virkan þátt í að setja sér mark í heilbrigðismálum og taka þátt í aðgerðum innan skólans og utan til að ná þessu marki.

## Lýðræði

Heilsueflandi skólar byggjast á lýðræðislegum gildum, framfylgja réttindum og taka ábyrgð.

# Meginstoðir Samtaka heilsueflandi skóla í Evrópu

## Allt skólastarf miði að heilbrigði

Samsvörun er í skólastefnu og framkvæmdaratriðum á eftirtöldum sviðum sem allt skólasamfélagið fellst á. Þessi samsvörun felst meðal annars í:

- að hafa í námskrá grein eða kafla um aðgerðir og þátttöku skólans í heilbrigðismálum,
- að taka tillit til viðhorfa nemenda sjálfra til heilbrigðis og velferðar,
- að taka upp stefnumál heilsuskóla,
- að endurbæta stöðugt skólaumhverfi og félagslegar aðstæður innan skólans, að efla lífsleikni,
- að koma á virkum tengslum við heimili og samfélag
- að notfæra sér heilbrigðisþjónustuna með markvissum hætti.

## Þátttaka

Nemendur, starfsfólk og foreldrar fá þá tilfinningu að þeir hafi einhver áhrif ef þeir taka þátt í starfinu en það er forsenda þess að heilsueflingarstarf skili einhverjum árangri í skólum.

## Gæði skólastarfs

Heilsueflandi skólar stuðla að því að bæta kennsluhætti og nám. Heilbrigðir nemendur læra betur, heilbriggt starfsfólk vinnur betur og hefur meiri ánægju af starfinu. Aðalmarkmið hvers skóla er að árangur verði sem allra bestur. Heilsueflandi skóla ýta undir að skólar nái markmiðum sínum í kennslu- og félagsmálum.

## Upplýsingar

Heilsueflandi skólar í Evrópu fær vitneskju um gang mála úr rannsóknum, sem þegar hafa farið fram og munu fara fram, um gagnsemi aðferða og vinnubragða í skólahælsueflingu, bæði varðandi heilbrigðismál (t.d. geðheilsu, mataræði, fíkniefnanotkun) og heildarstefnuna í málefnum skólans.

## Skólar og samfélagið í grenndinni

Heilsueflandi skólar tengjast á ýmsan hátt samfélaginu í kring. Þeir styðja samvinnu milli skóla og samfélags og leggja sig í framkróka við að efla samfélagsauðinn og auka heilbrigðisþekkingu innan samfélagsins.



Tengiliður: Skrifstofa Samtaka heilsuskóla í Evrópu,  
she@nigz.nl.